

Heiti: Uppgötva hægri og vinstri!

Stærðfræði/Þroskaspil

Aldur: 3+ (Þriggja ára í hluta I, fjögurra ára og eldri í hlutum II og III)

Fjöldi leikmanna: 1 - 4

Innihald: 32 spjöld með blárri rönd og mynd af manneskju (16 séð að framan og 16 séð á bakið) með hlut til vinstri eða við hægri hlið.

1 spjald með mynd af manneskju (prentað báðum megin: að framan og á bakið) og 8 spjöld með hlut (einnig prentað báðum megin).

1 undirstaða fyrir spjöldin.

4 rauð armbönd.

16 blöð til að ljósrita, á þeim eru myndir af manneskjum og hlutum, til að vinna verkefnin.

Hugmynd og markmið:

1. Að auka vitund á:
 - a) líkamanum, að framan, fyrir aftan
 - b) að til er ás samhverfu sem líkaminn hverfist um, tveir hlutar sem eru eins en eru þó önnur hliðin og hin hliðin (vinstri og hægri).
2. Skilja hugtökin hægri og vinstri út frá sjálfum sér. Það er grunnur að góðum skilningi á staðsetningu í rúmi og einnig hvað er til hliðar við eitthvað.
3. Þekkja vinstri/hægri þegar aðrir eiga í hlut. Hlúð er að skilningi á gagnstæðri stöðu (vinstri/hægri) þegar vinstri/hægri er fundið hjá öðrum og farið frá því að nota sjálfan sig sem viðmið. Horft er á manneskju fyrir framan sig og fundið út að hægri hliðin hjá mér er til vinstri hjá þér ef við stöndum hvort á móti öðru, andliti til andlitis.

Undirbúningur:

Efnið er vel til þess fallið að vera notað af 1 – 4 börnum í senn undir leiðsögn kennara eða sjálfstætt eftir að hafa fengið leiðbeiningar.

Það er hægt að tileinka sér efni á ýmsan hátt. Til dæmis með því að nota myndir af manneskjum og hlutum, með því að nota einungis spjöld með blárri rönd eða með því að blanda öllu saman. Hægt er að gefa munnleg fyrirmæli eða lýsa (settu boltann vinstra megin - boltinn er vinstra megin), flokka og para. Fara í minnisleiki og finna eða endurgera spjöldin. Hvort sem er eitt og eitt eða í hóp.

Til að auðvelda skilning á vinstri og hægri út frá líkamanum þá er sá sem er á myndinni

í fötum sem er skipt í tvo helminga í mismunandi litum. Einnig er armband um hægri úlnlið. Hægt er að láta börnin fá armband sem þau hafa um hægri úlnlið þegar verkefni eru leyst í hlutum II og III.

Þegar búið er að leysa verkefnin er mælt með að gera sjónrænar æfingar (teikna/lita) til að styrkja og festa þekkinguna í sessi. Gott er að nota blöðin sem hægt er að ljósrita. Það er hægt að lita, mála, klippa, líma o.s.frv.

HLUTI I:

Að framan – að aftan: (Það er ekki nauðsynlegt að nota hugtökin vinstri/hægri)

- *Með myndum af manneskjum og hlutum:*

Fyrirmæli: Setjið myndirnar af manneskjunum og hlutum í mismunandi stöður í samræmi við fyrirmæli. Að framan, á bak við, með hlut á aðra hlið, með annan hlut við hina hliðina.

Lýsing: Segðu hvar myndin af manneskjunni eða hlutnum er, notaðu orð eins og fyrir framan, við hliðina, fyrir aftan. Kennari eða nemandi færir efnið til.

- *Með spjöldunum með bláu röndinni:*

Flokka: a) Búið til tvo bunka, notið öll spjöldin. Annar er með myndum af manneskjum sem snúa fram, hinn er með myndum af manneskjum sem snúa bakinu að okkur.

c) Búið til tvo stafla úr spjöldunum með myndum þar sem manneskjan snýr fram. Annar er með myndum þar sem hluturinn er hægra megin (öðrum megin) og hinn þar sem hluturinn er vinstra megin (á hinni hliðinni).

Pör: Parið saman spjöld þar sem hlutur er sömu megin.

Minnisleikur: Spjöldin eru sett í tvo bunka eftir því hvar hluturinn er (einnig að framan/að aftan). Þau snúa niður. Barnið tekur eitt spjald úr hvorum bunka. Ef það er þar þá heldur það spjaldinu. Ef ekki þá eru þau lögð aftur í bunkana, á hvolf.

- *Með myndum af manneskjum, hlutum og spjöldunum með bláu röndinni:*

Finnið spjaldið sem speglar myndina af manneskjunni, með hlut herna megin eða hinum megin.

Finnið mynd af manneskju og hlut sem er eins og sýnt er á spjaldinu með bláu röndinni.

- *Með blöðunum sem hægt er að ljósrita:*

1.1. Málið/litið og klippið. Límið á bakhlið á mynd 1.2.

1.2. Málið/litið og klippið. Límið á bakhlið á mynd 1.1. Gerið gat á efri helminginn og setjið band í.

1.3 og 1.4 Málið/litið hvora hlið manneskjunnar (hægri hlið – vinstri hlið) í mismunandi lit eða önnur hlið með doppum, röndum eða litað bréf límt á þær o.s.frv.

HLUTI II:

Vinstri – hægri á okkur sjálfum (notið orðin vinstri – hægri):

Það er hægt að nota armbönd til að hjálpa til við að muna hvort er vinstri og hvort er hægri. Setjið þau um úlnið hægri handleggis.

Með manneskjuna séða aftan frá og hluti:

Fylgið fyrirmælum: Setjið hlutina á mismunandi staði samkvæmt fyrirmælunum, til dæmis: setjið keiluna vinstra megin og boltann hægri megin, notið hægri höndina og látið blómið vinstra megin o.s.frv.

Lýsing: Lýsið stöðu hluta og notið orðin vinstri/hægri, boltinn er vinstra megin við

Spjöldin með bláu röndinni og manneskjuna séða aftan frá:

Flokkið: Búið til tvo bunka, í öðrum eru spjöld þar sem hluturinn er hægri megin, í hinum eru spjöld þar sem hluturinn er vinstra megin.

Þör og minnisleikur: Leikið á sama hátt og í Hluta I en notið orðin vinstri og hægri.

Horft á manneskjuna aftan frá, hlutirnir og spjöldin með bláu röndinni með manneskjuna séða aftan frá:

Finnið mynd af manneskju og hlut sem er eins og sýnt er á spjaldinu með bláu röndinni.

Finnið mynd sem speglar stöðu hlutarins við hlið manneskjunnar (horft aftan frá).

Setjið hjá manneskjuni sem horft er aftan frá, spjöld þar sem hlutir eru á sömu hlið. Búið til tvo bunka.

Með blöðunum sem hægt er að ljósrita:

- 2.1. Ljúkið við myndina, farið eftir brotnu línunni á hægri hlið og litið hlutana í sitthvorum litnum.
- 2.2. Ljúkið við myndina, farið eftir brotnu línunni á vinstri hlið og litið hlutana í sitthvorum litnum.
- 2.3. Teiknið einn eða fleiri hluti á hægri hlið annars þeirra sem er á myndinni.
- 2.4. Teiknið einn eða fleiri hluti á hægri hlið hins sem er á myndinni.
- 2.5. Litið myndina.
- 2.6. Litið hlutina, klippið þá út og límið þá annað hvort á hægri eða vinstri hlið þess sem er á mynd 2.5.

HLUTI III:

Hægri – vinstri þegar horft er á annan:

Áður en byrjað er á æfingum í þessum hluta setur barnið, með spjald þar sem horft aftan á manneskjuna, hlut öðru hvoru megin: Svo er uppsetningunni snúið, horft framan á manneskjuna. Barnið tekur eftir að hluturinn er á öndverðum stað við það sjálft en samt á sömu hlið og áður. Armbandið á myndinni er hinum megin (horft frá sjálfum sér). Það ætti að endurtaka þessa æfingu mörgum sinnum til að auka vitund um hvernig vinstri og hægri breytist eftir því hvernig horft er á aðra.

Horft framan á manneskjuna og hlutina:

Fylgið fyrirmælum: Setjið boltann vinstra megin við manneskjuna (svo dæmi sé tekið).

Lýsing: Boltinn er til hægri við manneskjuna.

Spjöldin með bláu röndinni – horft framan á manneskjuna:

Flokkið spjöldin eftir því hvort hluturinn er til vinstri eða hægri við manneskjuna.

Pör og minnisleikur: Leikið á sama hátt og í Hluta I en orðin vinstri/hægri notuð.

Horft framan á manneskjuna, hlutina og spjöldin með bláu röndinni (horft framan á manneskjuna):

Finnið mynd af manneskju og hlut sem er eins og mynd á spjaldinu með bláu röndinni.

Finnið spjald sem speglar stöðu hlutarins við hlið manneskjunnar (horft framan á hana).

Setjið hjá manneskjunni sem horft er framan á, spjöld þar sem hlutir eru á sömu hlið. Búið til tvo bunka.

Með manneskjuna (horft framan og aftan á hana), hlutina og öll spjöldin með bláu röndinni:

- Þegar horft er aftan á manneskjuna og hlutur settur við hlið hennar þarf barnið að finna samsvarandi spjald. Undirstöðunni fyrir spjöldin er snúið og barnið verður að finna annað spjald sem samsvarar því sem er á henni (undirstöðunni). Endurtakið, horfið framan á manneskjuna.
- Barnið velur spjald þar sem horft er aftan á manneskjuna. Svo finnur það mynd sem samsvarar. Undirstöðunni er snúið og barnið finnur spjald sem samsvarar því sem er á henni. Endurtakið, horfið framan á myndina.
- Hópvinna: Flokkið spjöldin með bláu röndinni eftir því hvort horft er framan á eða aftan á manneskjuna. Hafið tvö teymi, látið þau sitja hvort á móti öðru. Annað teymið tekur bunkann þar sem horft er framan á, hitt tekur hinn bunkann. Undirstaðan er sett á mitt borðið, hóparnir horfa á hana eins og spjöldin sem þeir eru með. Annar hópurinn leggur eitt af spjöldunum við hliðina á undirstöðunni og setur hlut á sömu hlið. Hitt liðið horfir á spjaldið á undirstöðunni og hlutinn og finna svo samsvarandi spjald séð frá þeirra hlið. Þegar rétt spjald hefur verið fundið þá er komið þar og það lagt til hliðar.

Með öllum spjöldunum með bláu röndinni:

Minnisleikur: Spjöldunum er skipt í tvo bunka, eftir hvort horft er framan á eða á bakið á manneskjunni. Spjöldin eru lögð á hvolf á borðið. Börnin taka spjald úr hvorum bunka og reyna að þara þau saman. Ef það er þar þá halda börnin spjöldunum annars eru þau lögð aftur á hvolf.

Með blöðunum sem hægt er að ljósrita:

- 3.1. Ljúkið við teikninguna, farið eftir brotnu línunni á hægri hlið og litið í mismunandi lit.
- 3.2. Ljúkið við teikninguna, farið eftir brotnu línunni á vinstri hlið og litið í mismunandi lit.
- 3.3 og 3.4 Litið og klippið út. Límið saman svo hægt sé að horfa framan á og á bakið.
- 3.5. Litið manneskjuna. Litið hlutina og klippið þá út (helst tvo af hverju eins og eru á mynd 2.6). Látið hlutina við hægri hlut manneskjunnar.


- 3.6. Gerið það sama og í 3.5 nema hlutirnir eru vinstra megin við manneskjuna.

Þýðing: Eirný Valsdóttir


MYNDIR TIL AÐ VINNA MEÐ - LJÓSRITA



1.1.




1.2.



1.3.







1.4.







2.1.




2.2.




2.3.



2.4.



2.5.





2.6.




3.1.





3.2.





3.3.



3.4.



3.5.



3.6.